

Ed.

170. Breytingartillögur

[60. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar. Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum, og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

2. 3. gr. orðist svo:

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Hjúkrunarráð gerir tillögur um sérnám í hjúkrun, sem ráðherra staðfestir. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.

Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um sérfræðileyfi.